

# LJÓSMYNDASTOFUR OG SJÁLFSTÆTT STARFANDI

## ATVINNULJÓSMYNDARAR

### ➤ **Amatörvinnustofa G. Ásgeirssonar**

Franköllunar- og ljósmyndastofa, rekin af hjónunum Guðbjarti Ásgeirssyni (1889–1965) og Herdísi Guðmundsdóttur (1898–1990) á heimili þeirra að Lækjargötu 12 b í Hafnarfirði.

Gefandi: Sveinn Guðbjartsson, fyrir hönd fjölskyldunnar, 13. febrúar 2013.

Einkennisstafir safns: AGH

Tímabil myndefnis: 1920–1970.

Myndefni: Mannamyndir teknar í Hafnarfirði, þ.e. fjölskyldu-, fermingar-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur o.s.frv. Einnig mannlífs-, atburða- og umhverfismyndir, aðallega frá Hafnarfirði og nærumhverfi. Auk þess nokkuð af myndum sem Guðbjartur tók í tengslum við sjómennsku sína, fyrst á togurum og síðar á kaupskipum Eimskipafélags Íslands, m.a. af sjómönnum, fiskveiðum, farþegum, skipum og bæjarfélögum.

Umfang og gerð: Um 60 þúsund myndir, aðallega 6x6 cm og 6x9 cm filmur en einnig nokkuð af 4x5“ filmum og um 1200 ljósmyndaplötur.

Úrvinnsla: Ljósmyndaplötunum hefur verið pakkað inn í sýrufríar umbúðir.

Sjá úrval mynda úr safni Herdísar og Guðbjarts á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

### ➤ **ASIS**

Sjá: Ljósmyndastofan ASIS.

### ➤ **Atelier Moderne**

Ljósmyndastofa við Templarasund í Reykjavík. Ljósmyndari: Bjarni Kristinn Eyjólfsson (1883–1933), hann ritaði nafn sitt einnig Chr. B. Eyjólfsson.

Gefandi: Óþekktur.

Einkennisstafir safns: CBE

Tímabil myndefnis: Um 1904–1910.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu. Einnig nokkrar myndir teknar utandyra, af byggingum, fólki o.fl.

Umfang og gerð: 63 ljósmyndaplötur, aðallega 12x16 cm og 13x18 cm. Um 800 plötur frá Atelier Moderne eru á Þjóðminjasafns Íslands.

Úrvinnsla: Plötunum hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir. Kontaktkópíur af safninu eru aðgengilegar öllum í lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sjá úrval mynda úr safni Atelier Moderne á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

- **Barbara Birgis (f. 1971)**  
Sjá: Ljósmyndaverið Skuggi.
  
- **Bjarni Kristinn Eyjólfsson (1883–1933)**  
Sjá: Atelier Moderne.
  
- **Chr. B. Eyjólfsson**  
Sjá: Atelier Moderne.
  
- **Donald Ingólfsson (f. 1935)**  
Sjá: Ljósmyndastofan ASIS.
  
- **Eiríkur Hagan (f. 1921)**  
Sjá: Ljósmyndastofa Ernu og Eiríks.
  
- **Elías Hannesson (1918–1975)**  
Sjá: Stjörnuljósmyndir.
  
- **Emil Þór Sigurðsson (f. 1953)**  
Sjá: Ljósmyndastofa Reykjavíkur.
  
- **Erna Theódórsdóttir Whelan (f. 1925)**  
Sjá: Ljósmyndastofa Ernu og Eiríks.
  
- **Eyjólfur Jónsson (1869–1944)**  
Ljósmyndari á Seyðisfirði.

Gefandi: Nils Jens Axelsson, fyrir hönd afkomenda, 10. ágúst 2009 og 23. október 2012.

Einkennisstafir safns: EYJ

Tímabil myndefnis: 1894–1944.

Myndefni: Húsa- og yfirlitsmyndir teknar á Seyðisfirði. Myndir frá ýmsum þéttbýlisstöðum og býlum á Austurlandi og víðar. Myndir teknar á ferðalögum, m.a. af náttúru Íslands, af ferðafólki, hestum o.fl., einkum teknar á Fljótsdalshéraði. Fjölskyldumyndir tengdar ljósmyndara. Alþingishátíðin á Þingvöllum 1930 o.fl.

Umfang og gerð: Um 670 myndir, einkum glerplötur, glerskyggjur og blaðfilmur.

Fylgifé: Sýningarvél fyrir 8x8 cm glerskyggjur.

Úrvinnsla: Öllu safninu hefur verið pakkað í sýrufrjár umbúðir. Anna Berglind Finnsdóttir gerði ítarlega skrá yfir glerplötur og glerskyggjur í safni Eyjólfss vaturinn 2011–2012. Skráin var lokaverkefni Önnu til BA-gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Sumarið 2012 hélt Ljósmyndasafn Reykjavíkur ljósmyndasýningu á völdum

myndum úr safni Eyjólf. Allmargar af ljósmyndum Eyjólf birtust í ritinu *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar* (1995) eftir Þóru Guðmundsdóttur.

Sjá gott úrval mynda úr safni Eyjólf Jónssonar á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Fríður Eggertsdóttir**

Sjá: Svipmyndir.

➤ **Guðmundur O. Eiríksson (1876–1938)**

frá Minnivöllum í Landmannahreppi.

Gefandi: Diana Gudmundsson Medina frá El Cajon í Bandaríkjunum, 1997.

Einkennisstafir safns: GOE

Tímabil myndefnis: 1898–1900.

Myndefni: Reykjavík um aldamótin. Einnig landslagsmyndir, m.a. tvær teknar á Þingvöllum.

Umfang og gerð: 52 ljósmyndir, einkum steríóskópsspjöld en einnig nokkrar stærri kópíur, límdar á karton.

Úrvinnsla: Safninu hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir. Í desember 2009 birti Ljósmyndasafnið stutta [úttekt](#) um safn Guðmundar á heimasíðu sinni.

Sjá úrval mynda úr safni Guðmundar á [myndavef](#) Ljósmyndasafnsins.

➤ **Gunnar Rúnar Ólafsson (1917–1965)**

Sjálfstætt starfandi ljósmyndari.

Gefendur: Þórdís Bjarnadóttir ekkja Gunnars, 15. janúar 1981 og vorið 2004 kom Ólafur Gunnarsson með viðbót.

Einkennisstafir safns: GRÓ

Tímabil myndefnis: 1940–1964.

Myndefni: Atvinnulífs-, iðnaðar- og auglýsingaljósmyndir, m.a. heilmikið af myndum sem tengjast matvæla- og sælgætisiðnaði auk mynda frá raftækjaverksmiðjunni Rafha hf. í Hafnarfirði. Mannlífs- og bæjarmyndir, teknar í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akureyri og fleiri stöðum. Loftmyndir af Reykjavík og nágrenni. Fjölskyldumyndir teknar í heimahúsum, s.s. skírnar-, fermingar-, brúðkaups- og afmælistmyndatökur. Sveitabýli og íbúar í Hvolhreppi og Hrunamannahreppi um 1960–1962. Lýðveldishátíðin 1944. Listamenn og listaverk, m.a. myndir er tengjast Valtý Péturssyni listmálara, aðallega myndir af verkum. Byggðasöfn og eftirtökur fyrir Þjóðminjasafn Íslands og Landsbókasafn. Gamlir Hafnfirðingar, þ.e. myndir teknar af fólki á förnum vegi snemma á fimmta áratugnum. Þessar myndir voru m.a. notaðar í bækur Magnúsar Jónssonar, *Hundrað Hafnfirðingar, innfæddir og aðfluttir* I–III, sem komu út á árunum 1973, 1975 og 1991.

Umfang og gerð: Um 27.000 filmur, aðallega sv/hv 6x6 cm, 35 mm og 6x9 cm filmur og dálítið af litskygnum.

Úrvinnsla: Öllu safninu hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir og tókurnar frumskráðar. Kontaktkópíur af safninu eru aðgengilegar öllum í lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sjá gott úrval mynda úr safni Gunnars Rúnars á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Hanna Brynjólfsdóttir (1910–1989)**

Sjá: Ljósmyndastofan ASIS.

➤ **Hannes Pálsson (1924–2014)**

Ljósmyndari í Reykjavík og víðar. Ath. ókláruð færsla.

Gefandi:

Einkennisstafir safns: HAP

Tímabil myndefnis: U.þ.b. 1945–1995

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu í Reykjavíkur og í heimahúsum víða um land, fjölskyldu-, fermingar-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Atvinnulífs-, iðnaðar- og auglýsingaljósmyndun fyrir fyrirtæki og stofnanir. Skóla- og bekkjarmyndir, þéttbýlisstaðir, sveitabæir, kirkjustaðir og landslag víða um land.

Umfang, gerð og úrvinnsla: Safnið er ótalið en úrvinnsla er hafin.

➤ **Hans Malmberg (1927–1977)**

Sænskur blaðaljósmyndari.

Gefandi: Berglind Njálsdóttir, 23. ágúst 2006. Fyrrum eigandi: Njáll Símonarson.

Einkennisstafir safns: 2006 22

Tímabil myndefnis: Um 1948–1950.

Myndefni: Mannlíf á Íslandi, borgarlandslag, náttúra o.fl.

Umfang og gerð: 50 sv/hv pappírskópíur.

Úrvinnsla: Myndunum hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir.

➤ **Helga Fietz (1907–1958)**

Þýskur ljósmyndari, (fædd Helga Ebert).

Gefandi: Selina Heinke, dóttir ljósmyndara, febrúar 2013.

Einkennisstafir safns: HEF

Tímabil myndefnis: 1954–1957.

Myndefni: Mannlíf, hestar og landslag á Íslandi mest tekið sumarið 1954 en alls mun Helga hafa farið fimm sinnum til Íslands, síðast 1957. Portrett og fjölskyldumyndir af þekktu og óþekktu fólki. Landslag og náttúra, m.a. í Borgarfirði, Þórsmörk, Landmannalaugum,

Skaftafelli og víðar á Suðurlandi, við Mývatn, Jökulsárgljúfur o.fl. Myndir frá nokkrum þéttbýlisstöðum, m.a. Reykjavík, Húsavík, Akureyri og Hafnarfirði. Auk þess myndir sem tengjast atvinnulífi, einkum fiskvinnslu.

Myndir frá Helgu birtust m.a. í landkynningarbókinni *Island - Insel aus Feuer und Eis* sem Hanns Reich-Verlag forlagið í München gaf út 1955 og í bókinni *Pferde auf Island* sem Mandruc forlagið í München gaf út árið 1958. Báðar bækurnar voru þýddar á fleiri tungumál, þar á meðal íslensku.

Umfang og gerð: Um 4000 myndir, þar af um 700 pappírskopíur og 3300 filmur, mest 35 mm og 6x6 cm filmur, bæði í sv/hv og lit.

Úrvinnsla: Safninu hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir.

Sjá úrval mynda úr safni Helga Fietz á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Hermann Schlenker (f. 1932)**

Þýskur ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður, sjálfstætt starfandi ljósmyndari á Íslandi, sumrin 1958–1961.

Gefið af ljósmyndara 26. maí 2012.

Einkennisstafir safns: HSC

Tímabil myndefnis: 1958–1961.

Myndefni: Mannlíf á Íslandi, fólk, náttúra, atvinnulíf, m.a. sjómennska og fiskveiðar. Einnig auglýsingaljósmyndun og íslenskir listamenn. Í safninu er einnig nokkuð af fuglamyndum, sem voru aðallega teknar í Vestmannaeyjum og Súlnakeri, m.a. myndir fyrir bókina *Fuglar* sem Menningarsjóður gaf út árið 1965, Broddi Jóhannesson og Steindór Steindórsson rituðu textann. Bókin hafði áður komið út á þýsku og ensku undir titlunum: *Island. Vogelland* og *Wings over Iceland*.

Umfang og gerð: Um 6900 myndir, einkum sv/hv 35 mm filmur, 6x6 cm litskyggjur og sv/hv kópíur.

Úrvinnsla: Litskyggjur komu efnisflokkadar frá ljósmyndara auk þess sem 35 mm filmur komu númeraðar og í tímaröð. Safninu hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir.

Sjá úrval mynda úr safni Schlenker á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Hörður Hákonarson (f. 1938)**

Sjá: Nýja myndastofan

➤ **Ingibjörg Sigurðardóttir (1907–1992)**

Sjá: Ljósmyndastofan ASIS

➤ **Jóhanna Sigurjónsdóttir (1914–2010)**

Sjá: Ljósmyndastofan ASIS.

➤ **Jón K. Sæmundsson (1921–1993)**

Ljósmyndastofa að Tjarnargötu 10b í Reykjavík.

Gefendur: Helga Jónsdóttir og Árni Ólafur Jónsson, 27. október 1993 og 9. september 1998.

Einkennisstafir safns: JKS

Tímabil myndefnis: 1946–1947 og 1953–1987.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, s.s. fjölskyldu-, fermingar-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur.

Umfang og gerð: Um 105.000 myndir, einkum 5x7“ blaðfilmur en einnig um 400 glerplötur.

Fylgifé: Skráningarbækur með nöfnum viðskiptavina, ýmsir gripir tengdir ljósmyndun, sveinsbréf.

Úrvinnsla: Nafnaskrá hefur verið slegin inn í leitarbæra mannamyndaskrá Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sjá myndir úr safni Jóns á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Kjartan Guðmundsson (1885–1950)**

Ljósmyndari í Vestmannaeyjum og víðar.

Gefendur: Tvö aðskilin aðföng, annað gefið af Gísli Fr. Johnsen, 15. apríl 1983 en hitt er gefið af Ívari Gissurarsyni, 12. desember 2002. Fyrrum eigendur þess voru Eyrún Guðjónsdóttir og Emil Ásgeirsson í Gröf.

Einkennisstafir safns: KJG

Tímabil myndefnis: Um 1906–1950.

Myndefni: Vestmannaeyjar, Reykjavík, aðallega yfirlitsmyndir. Auk þess einstaka myndir af öðrum þéttbýlisstöðum, landslag, mannvirki o.fl.

Umfang og gerð: Um 60 myndir, 25 negatífur, einkum blaðfilmur og panorama-filmur og 35 8x8 cm glerskyggjur.

Úrvinnsla: Öllu safninu hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir. Kontaktkópíur af negatífum eru aðgengilegar öllum í lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Eldri hluti myndefnis Kjartans er að stærstum hluta glataður en plötu- og filmusafn hans, frá þeim árum sem hann starfaði í Vestmannaeyjum, er varðveitt á Byggðasafninu í Vestmannaeyjum.

Sjá myndir úr safni Kjartans á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Kristjón Haraldsson (1945–2011)**

Ljósmyndari í Reykjavík. Rak m.a. ljósmyndastofuna Stúdíó 28, Skúlagötu 32 í Reykjavík.

Gefandi: Agnes Kristjónsdóttir og Ragnheiður M. Kristjónsdóttir, 22. ágúst 2011.

Einkennisstafir safns: KRH

Tímabil myndefnis: 1970–1988.

Myndefni: Auglýsinga- og iðnaðarljósmyndun, m.a. vörur, klæðnaður, tíska, tónlistarmenn, matvæli, hönnun o.fl. Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, fermingar-, stúdents-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Einnig nokkuð af persónulegum myndum sem tengjast Kristjóni og fjölskyldu.

Umfang og gerð: Ótalið og ófrágengið.

Fylgifé: Handskrifaðar skráningarbækur með nöfnum viðskiptavina frá 1975–1985. Ýmis gögn og pappírar sem tengjast ljósmyndarekstri, ýmsir bæklingar og rit með myndum frá Stúdíói 28.

Sjá myndir úr safni Kristjóns á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

### ➤ **Ljósmyndastofa Ernu og Eiríks**

Aðalstræti 2 í Reykjavík, efri hæð. Eigendur stofunnar voru Erna Theódórsdóttir Whelan (1925–2013) og Eiríkur Hagan (f. 1921). Eftir lokun ljósmyndastofunnar fluttist Erna til Bandaríkjanna og Eiríkur til Kanada.

Gefandi: Sigríður Theódórsdóttir.

Einkennisstafir safns: EEH

Tímabil myndefnis: 1949–1954.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, fermingar-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Einnig einstaka heimamyndatökur o.fl.

Umfang og gerð: Um 13.600 númeraðar tökur, áætlað um 68.000 filmur, aðallega 4x5“.

Fylgifé: Handskrifaðar skráningarbækur með nöfnum viðskiptavina og hluti af spjaldskrá.

Úrvinnsla: Nafnaskrá hefur verið slegin inn í leitarbæra mannamyndaskrá.

Sjá lítið úrval mynda úr safni Ernu og Eiríks á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

### ➤ **Ljósmyndastofa Grafarvogs**

Langaríma 21–23 í Reykjavík. Ljósmyndari: Sigurgeir Birgisson (f. 1966).

Gefið af ljósmyndara, 21. nóvember 2005.

Einkennisstafir safns: LMG

Tímabil myndefnis: 1996–2002.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, fermingar-, stúdents-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Einnig nokkuð af skólamyndum, m.a. teknar í Rimaskóla, Engjaskóla, Foldaskóla, Húsaskóla, Hamraskóla og Seljaskóla. Einnig leikskólamyndir, myndir teknar fyrir íþróttafélagið Fjölni o.fl.

Umfang og gerð: Um 90.000 myndir, aðallega 6x7 cm litfilmur.

### ➤ **Ljósmyndastofa Hannes Pálsson**

Sjá: Hanns Pálsson.

➤ **Ljósmyndastofa Jóns K. Sæmundssonar**

Sjá: Jón K. Sæmundsson.

➤ **Ljósmyndastofa Óla Páls Kristjánssonar**

Sjá: Óli Páll Kristjánsson

➤ **Ljósmyndastofa Ólafs Árnasonar**

Sjá: Ólafur Árnason.

➤ **Ljósmyndastofa Óskars og Vignis**

Sjá: Óskar Gíslason.

➤ **Ljósmyndastofa Péturs Leifssonar**

Sjá: Pétur Leifsson.

➤ **Ljósmyndastofa Reykjavíkur**

Hverfisgötu 105 í Reykjavík. Ljósmyndari: Emil Þór Sigurðsson (f. 1953).

Gefið af ljósmyndara, 8. júlí 2002 og 11. október 2005.

Einkennisstafir safns: EPS

Tímabil myndefnis: 1984–1997.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, fermingar-, stúdents-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Einnig nokkuð af skóla- og loftmyndum.

Umfang og gerð: Um 100.000 myndir, að stærstum hluta 6x6 cm og 6x4,5 cm litfilmur.

➤ **Ljósmyndastofa Þorleifs og Óskars**

Sjá: Óskar Gíslason.

➤ **Ljósmyndastofan ASIS**

Bankastræti 2 frá 1947 til 1949, Austurstræti 5 frá 1949 til 1963 og Laugavegi 13 frá 1963–1981. Eigendur og ljósmyndarar: Jóhanna Sigurjónsdóttir (1914–2010), Ingibjörg Sigurðardóttir (1907–1992) og frá 1952 Hanna Brynjólfsdóttir (1910–1989). Árið 1979 keypti Donald Ingólfsson (f. 1935) stofuna og rak hana til 1981.

Gefandi: Donald Ingólfsson, 22. júlí 1981.

Einkennisstafir safns: ASIS

Tímabil myndefnis: 1947–1981.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, fermingar-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur.



Umfang og gerð: 62.760 tölusettar myndatökur, áætlað um 265.000 myndir, aðallega sv/hv blaðfilmur en einnig örlítið af litfilmum.

Fylgifé: Handskrifaðar skráningarbækur með nöfnum viðskiptavina og nokkrir gripir.

Úrvinnsla: Nafnaskrá hefur verið slegin inn í leitarbæra mannamyndaskrá.

Sjá úrval mynda úr safni ASIS á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Ljósmyndastofan Filman**

Sjá: Þórarinn Sigurðsson.

➤ **Ljósmyndastofan Hugskot**

Nethyl 2, Ártúnsholti í Reykjavík. Stofnendur: Freyr Franksson, Kristján Sigurðsson og Gunnar Vilhelmsson.

Gefandi: Kristján Sigurðsson, 29. desember 2006 og 25. október 2007.

Einkennisstafir safns: HUG

Tímabil myndefnis: 1993–2003.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, stúdents-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Skólamyndir, m.a. bekkjarmyndir af nemendum Ártúnsskóla.

Umfang og gerð: 959 númeraðar tökur og til viðbótar nokkuð af ónúmeruðum tökum. Um 74.000 myndir, einkum 6x4,5 cm og 35 mm filmur, bæði sv/hv og í lit.

➤ **Ljósmyndastúdíó Péturs Péturssonar**

Laugavegi 24 í Reykjavík og síðar Austurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Ljósmyndari: Pétur Pétursson (f. 1959).

Gefið af ljósmyndara, 7. mars 2011.

Einkennisstafir safns: PÉP

Tímabil myndefnis: 1994–2007.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, fermingar-, stúdents-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Einnig dálítið af iðnaðar- og auglýsinga-, skóla- og leikskólamyndum og nokkuð af myndefni sem er tengt íþróttum, s.s. hópmyndir af íþróttaliðum o.fl.

Umfang og gerð: Áætlað um 180.000 myndir, aðallega 6x6 cm og 35 mm filmur, bæði sv/hv og í lit.

➤ **Ljósmyndaverið Skuggi / Barbara Birgis (f. 1971)**

Ljósmyndastofa við Bankastræti í Reykjavík.

Gefandi: Barbara Birgisdóttir, mars 2014.

Einkennisstafir safns: SKU

Tímabil myndefnis: 2000-2004

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, þ.e. einkum fjölskyldu-, fermingar-, stúdents-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur.

Umfang og gerð: Um 900 myndatökur, áætlað um 55.000 myndir, aðallega 4,5x6 cm og 35 mm filmur, bæði sv/hv og í lit.

Fylgifé: Tölvugerð nafnaskrá yfir viðskiptavini.

➤ **Ljósmyndavinnustofa Þórarins Sigurðssonar**

Sjá: Þórarinn Sigurðsson.

➤ **Magnús Ólafsson (1862–1937)**

rak ljósmyndastofu að Templarasundi 3 í Reykjavík.

Gefandi: Magnús Karl Pétursson fyrir hönd afkomenda í maí 1982.

Einkennisstafir safns: MAÓ

Tímabil myndefnis: 1898–1937.

Myndefni: Umhverfi Reykjavíkur, einkum miðbærinn og Reykjavíkurbær, stakar byggingar, húsaðir og yfirlitsmyndir. Mannlíf og fréttatengdir atburðir í Reykjavík, hátíðir, vígslur, íþróttaviðburðir, atvinnulíf, verslun, hópmyndir af fólki, landslag, sveitabýli og þéttbýli á landsbyggðinni.

Í safni Magnúsar er nokkuð af myndum, einkum panorama-filmur af landslagi, teknar af syni hans, Ólafi Magnússyni. Stærsti hluti af mannamyndasafni Magnúsar, þ.e. myndir teknar á ljósmyndastofu hans í Templarasundi, er glataður.

Umfang og gerð: Um 3500 myndir, einkum glerplötur. Einnig nokkuð af steríóskópgerplötum og blaðfilmum, þ. á m. panorama-filmur.

Fylgifé: Tveir stólar frá ljósmyndastofu Magnúsar í Templarasundi, notaðir við barnamyndatökur.

Úrvinnsla: Öllu safninu hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir og það skráð. Kontaktkópíur af safninu eru aðgengilegar öllum í lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Árið 2000 kom út smáritið *Magnús Ólafsson og framlag hans til íslenskrar ljósmyndunar* eftir Ingu Láru Baldvinsdóttur en ritið var byggt á fyrirlestri sem hún flutti 10. maí 1999. Haustið 2003 hélt Ljósmyndasafn Reykjavíkur stóra ljósmyndasýningu á völdum myndum úr safni Magnúsar í sýningarsal safnsins að Tryggvagötu 15. Samhliða því gaf Ljósmyndasafnið út ritið *Magnús Ólafsson ljósmyndari*, í samstarfi við afkomendur Magnúsar. Þar er m.a. grein um Magnús eftir Eirík Guðmundsson rithöfund og bókmenntafræðing.

Sjá gott úrval mynda úr safni Magnúsar á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Malmberg**

Sjá: Hans Malmberg.

➤ **Nýja myndastofan / Hörður Hákonarson (f. 1938)**

Ljósmyndastofa í Reykjavík. Stofnendur Hörður Hákonarson og Donald Ingólfsson. Staðsett að Laugavegi 43b frá 1965–1969, Skólavörðustíg 12 frá 1969–1978 og að Laugavegi 18 frá 1978 –2000.

Gefandi: Hörður Hákonarson 26. febrúar 2015.

Einkennisstafir safns: NÝM

Tímabil myndefnis: 1965–2000.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, fermingar-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur.

Umfang og gerð: Um 17.000 tölusettar myndatökur á filmum. Ótalið.

Fylgifé: Handskrifaðar skráningarbækur með nöfnum viðskiptavina.

➤ **Ólafur Árnason (1919–1997)**

Ljósmyndari á Akranesi. Auk mynda Ólafs er í safninu nokkuð af myndum sem voru teknar af Guðmundi Garðarssyni sem starfaði við hlið Ólafs síðustu árin og tók við stofunni eftir að Ólafur lét af störfum.

Gefendur: Halldóra Ingveldur Ásmundsdóttir og Guðmundur Garðarsson, 22. október 1998. Þann 30. apríl 2010 kom Guðmundur með viðbót í safnið, aðallega myndir teknar eftir að hann sjálfur tók við rekstrinum.

Einkennisstafir safns: ÓLÁ

Tímabil myndefnis: 1947–2000.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu og heimilum fólks, fjölskyldu-, fermingar-, stúdents-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Einnig mannlífs- og umhverfismyndir, aðallega teknar á Akranesi eða í nærsveitum. Fyrirtæki, stofnanir og atvinnulíf á Akranesi, svo sem Sementverksmiðjan, dráttarbrautin, skip og bátar, Haraldur Böðvarsson og co., leikfélagið o.fl., auk þess mikið af myndefni tengt skóla- og kirkjustarfi.

Umfang og gerð: Um 170.000 myndir á filmum. Þar af eru um 7500 mannlífsmyndir. Einnig nokkuð af glerplötum.

Fylgifé: Spjaldskrá með nöfnum viðskiptavina.

Úrvinnsla: Spjaldskráin hefur verið slegin inn í leitarbæra mannamyndaskrá Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Kontaktkópjur af mannlífsmyndum Ólafs eru aðgengilegar á lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sjá gott úrval mynda úr safni Ólafs á [myndavef](#) Ljósmyndasafnsins.

➤ **Ólafur Magnússon (1889–1954)**

rak ljósmyndastofu að Templarasundi 3 í Reykjavík.

Gefandi: Magnús Karl Pétursson í maí 1982.

Einkennisstafir safns: ÓLM

Tímabil myndefnis: 1913–1950.

Myndefni: Umhverfi Reykjavíkur, einkum yfirlitsmyndir af miðbænum. Mannlíf og fréttatengdir atburðir í Reykjavík, ýmiss konar vígslur, hátíðir og atvinnulíf. Einnig mikið af myndum er tengjast konungsheimsóknum, þ.e. heimsókn Kristjáns X. Danakonungs 1921, 1926, 1930 og 1936 og heimsókn Friðriks krónprins Dana til Íslands 1938. Í safninu er einnig töluvert af landslagsmyndum, teknar víða um land, s.s. við Mývatn, á Þingvöllum, í Þórsmörk, Landmannalaugum og víðar.

Umfang og gerð: Um 1500 glerplötur og blaðfilmur.

Úrvinnsla: Öllu safninu hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir og stærsti hluti þess skráður. Kontaktkópiur af safni Ólafs eru aðgengilegar á lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Ólafur hlaut nafnbótina konunglegur hirðljósmyndari eftir að hafa fylgt Kristjáni X. Danakonungi og ljósmyndað opinbera heimsókn hans til Íslands 1921. Í safni Magnúsar Ólafssonar er einnig nokkuð af myndum eftir Ólaf, einkum panorama-filmur af landslagi. Hluti af safni Ólafs og nær allt portrettmýndasafn hans er varðveitt á Ljósmyndasafni Íslands, myndadeild Þjóðminjasafns Íslands. Árið 2003 gaf Þjóðminjasafn Íslands út bókina *Ólafur Magnússon. Konunglegur hirðljósmyndari*, með inngangi eftir Ingu Láru Baldvinsdóttur.

Sjá gott úrval mynda úr safni Ólafs á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

#### ➤ **Óli Páll Kristjánsson (1928–1978)**

rak ljósmyndastofu á Húsavík frá 1954–1959 og í Reykjavík frá 1961–1972, fyrst að Freyjugötu 14, en frá 1962 að Laugavegi 28.

Gefandi: Ásta Halldórsdóttir.

Einkennisstafir safns: ÓLP

Tímabil myndefnis: 1954–1976.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, fermingar-, stúdents-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Iðnaðar- og auglýsingaljósmyndun, m.a. vörur, klæðnaður, tónlistarmenn, húsgögn, hönnun o.fl. Óli Páll tók myndir fyrir Þjóðleikhúsið á árunum 1962–1976.

Umfang og gerð: Um 63.000 myndir, einkum 4x5“, 6x9 og 6x6 filmur. Þar af eru um 47.500 mannamyndir í 9847 númeruðum tókum. Um 4300 iðnaðar- og auglýsingamyndir og ríflega 11.000 leikhúsmýndir.

Fylgifé: Skráningarbækur með nöfnum viðskiptavina.

Úrvinnsla: Skráningarbækur hafa verið slegnar inn í leitarbæra mannamyndaskrá Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Gerðar hafa verið kontaktkópiur af auglýsinga- og iðnaðarmyndatökunum sem eru aðgengilegar öllum í lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sjá úrval mynda úr safni Óla Páls á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Óskar Gíslason (1901–1990)**

Ljósmyndari í Reykjavík. Rak ljósmyndastofu í félagi við Þorleif Þorleifsson í Kirkjustræti 10 á árunum 1922–1925 og með Sigurhans Vigni frá 1925–1929, fyrst í Kirkjustræti en síðar að Austurstræti 14. Rak stofuna einn frá 1929–1935.

Gefið af ljósmyndara, 16. júlí 1990.

Einkennisstafir safns: ÓSG

Tímabil myndefnis: 1915–1975.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu 1922–1935. Mannlíf, umhverfi, fréttatengdir atburðir, fyrirtæki, heimamyndatökur o.fl. á víðara tímabili, m.a. yfirlitsmyndir af nokkrum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Einnig myndir teknar í Færeyjum, bæði mannamyndir og umhverfi.

Hluti af safni Óskars er varðveittur á Ljósmyndasafni Íslands, myndadeild Þjóðminjasafnsins.

Umfang og gerð: Samtals um 16.800 myndir, þar af ríflega 12.000 glerplötur.

Fylgifé: Spjaldskrá yfir nöfn viðskiptavina, ýmsir gripir tengdir ljósmyndun. Diplóma, viðurkenning, sýningarskrár, verðskrá Ljósmyndarafélags Íslands o.fl.

Úrvinnsla: Safninu hefur að mestu verið pakkað í sýrufríar umbúðir. Skráningarbækur hafa verið slegnar inn í leitarbæra mannamyndaskrá Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sjá gott úrval mynda úr safni Óskars á [myndavef](#) Ljósmyndasafnsins.

➤ **Pétur Leifsson (1886–1961)**

rak ljósmyndastofu í Stykkishólmi um 1903 til 1907 og að Þingholtsstræti 2 í Reykjavík frá 1929 til u.þ.b. 1934. Annars starfaði Pétur lengi á ljósmyndastofu Péturs Brynjólfssonar og síðar á stofu Ólafs Magnússonar í Reykjavík.

Gefandi: Kristján Haukur Pétursson, 20. febrúar 1981.

Einkennisstafir safns: PEL

Tímabil myndefnis: Um 1903–1934.

Myndefni: Mannamyndir, einkum teknar á ljósmyndastofu Péturs í Þingholtsstræti um 1929–1934 og Stykkishólmi um 1903–1907. Auk þess um 60 mannlífs- og umhverfismyndir.

Umfang og gerð: Um 3200 myndir, aðallega tvískiptar 12x16 cm glerplötur en einnig um 150 plötur þar sem 8 smámyndir eru á sömu plötunni (8-foto).

Úrvinnsla: Safninu hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir. Kontaktkópíur eru aðgengilegar öllum í lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Áður en safn Péturs barst Ljósmyndasafni Reykjavíkur hafði um 3/4 hlutum þess verið hent. Auk þess virðist sem skráningarbækur með nöfnum viðskiptavina hafi glatast og því er einungis vitað um nöfn 250 einstaklinga.

Sjá úrval mynda úr safni Péturs Leifssonar á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Pétur Pétursson (f. 1959)**

Sjá: Ljósmyndastúdíó Péturs Péturssonar.

➤ **Pétur Thomsen (1910–1988)**

Ljósmyndari í Reykjavík. Á árunum 1946–1956 starfaði Pétur sem sjálfstætt starfandi ljósmyndari án stofu, með vinnuaðstöðu á heimili sínu, Blómvallagötu 10a. Frá 1956 rak Pétur ljósmyndastofu að Ingólfsstræti 4 í Reykjavík.

Gefendur: Kristbjörg Guðmundsdóttir, Birgir og Helga Thomsen.

Einkennisstafir safns: PTH

Tímabil myndefnis: 1947–1975.

Myndefni: Atvinnulíf, íslensk fyrirtæki, sjávarútvegur, verslun, innflutningur, ýmiss konar framleiðslu- og byggingariðnaður. Pétur myndaði talsvert fyrir hið opinbera, fyrir flest ráðuneyti Stjórnarráðs Íslands, Alþingi og forsetaembættið, einkum í tíð Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjáns Eldjárns. Í þeim hluta safnsins eru myndir af ýmsum opinberum embættisverkum, s.s. af undirritun samninga, afhendingu trúnaðarbréfa erlendra sendiherra, vígslum á virkjunum, samgöngumannvirkjum og byggingum. Í safninu er einnig töluvert af opinberum portrettmyndum af mörgum af helstu ráðamönnum tímabilsins auk fjölda mynda af opinberum heimsóknum erlendra gesta til Íslands, m.a. opinberri heimsókn Gústafs VI. Adolfs Svíakonungs til landsins árið 1958. Pétur var í framhaldi af því útnefndur konunglegur hirðljósmyndari Svíakonungs hér á landi. Þá er talsvert af áhugaverðum myndum af íslenskum innanhússarkitektúr, þar á meðal myndir sem notaðar voru í bókinni *Íslensk íbúðarhús* eftir Hörð Bjarnason og Atla Má sem Almenna bókafélagið gaf út árið 1959. Að auki merkar myndir tengdar tónlist. Einnig mannamyndir teknar á ljósmyndastofu.

Umfang og gerð: Um 90.000 myndir, einkum 4x5“, 6x9 cm, 6x6 cm og 35 mm filmur. Einnig nokkuð af pappírskópium.

Úrvinnsla: Filmum hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir og þeim gefið númer. Kontaktkópíur af stórum hluta filmusafnsins eru aðgengilegar öllum í lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sjá gott úrval mynda úr safni Péturs Thomsen á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Pétur Ómar Þorsteinsson (1936–1993)**

Sjálfstætt starfandi ljósmyndari í Reykjavík.

Einkennisstafir safns: PÉÞ

Tímabil myndefnis: 1960–1976.

Myndefni: Mannamyndir teknar í heimahúsum, fjölskyldu-, fermingar-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Einnig atvinnulífs-, iðnaðar- og auglýsingaljósmyndun fyrir fyrirtæki og stofnanir. Húsgögn og aðrar vörur, fundir, veislur, skemmtistaðir, skólar, bæði skólustarf og almennar bekkjarmyndir o.fl. Pétur tók m.a. talsvert af myndum af fólki á skemmtistaðnum Klúbbnum en um 1962 færði hann sig yfir á Hótel Sögu.

Umfang og gerð: Um 22.500 myndir, sv/hv 6x6 cm, 6x9 cm, 4x5“ og 35 mm filmur.

Úrvinnsla: Filmum hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir og þeim gefið númer.

Sjá úrval mynda úr safni Péturs Þorsteinssonar á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Sigfús Eymundsson (1837–1911)**

rak ljósmyndastofu að Lækjargötu 2 í Reykjavík.

Athugið að ljósmyndasafn Sigfúsar Eymundssonar er að langmestu leyti varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands.

Gefendur: Ýmsir.

Tímabil myndefnis: Um 1874–1905.

Myndefni: Umhverfi og mannlíf, einkum í Reykjavík, landslag, og mannamyndir teknar á ljósmyndastofu.

Umfang og gerð: 15 ljósmyndaplötur, tvö albúm með samtals tæplega 70 myndum, annað albúmið átti Magnús Stephensen landshöfðingi. Einnig nokkrar stakar myndir. Auk þess ótalinn fjöldi portrettljósmynda úr ýmsum aðföngum, aðallega visit-spjöld.

Úrvinnsla: Öllum myndum, bæði glerplötum og kópíum hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir og þeim gefið númer. Kontaktkópíur af plötunum eru aðgengilegar öllum í lesstofu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Flestar umhverfis- og mannlífsmyndir eftir Sigfús, varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, eru innskannaðar og aðgengilegar á [myndavef](#) safnsins.

➤ **Sigurgeir Birgisson (f. 1966)**

Sjá: Ljósmyndastofa Grafarvogs.

➤ **Sigurhans Vignir (1894–1975)**

Sjálfstætt starfandi ljósmyndari í Reykjavík.

Gefandi: Ragnar Vignir, haustið 2006.

Einkennisstafir safns: VIG

Tímabil myndefnis: 1944–1967.

Myndefni: Mannamyndir, fjölskyldumyndir, teknar í heimahúsum. fjölskyldu-, fermingar-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Einnig myndir teknar fyrir fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir, m.a. fyrir Reykjavíkurborg. Þar má nefna myndir sem sýna byggðaðpróun, skólustarf, uppbyggingu hitaveitu, rafveitu o.fl. Vignir var einnig ljósmyndari Leikfélags Reykjavíkur og Þjóðleikhússins um árabíl.

Umfang og gerð: Um 40.000 myndir, einkum sv/hv 4x5“, 6x9 og 6x6 filmur.

Fylgifé: Handskrifaðar skráningarbækur með nöfnum viðskiptavina, um 3300 númeraðar myndatökur.

Úrvinnsla: Stærstum hluta safnsins hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir.

Sjá gott úrval mynda úr safni Sigurhans Vignir á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Stjörnuljósmyndir**

Ljósmyndastofa í Reykjavík, staðsett við Víðimel 19 frá 1955–1957, Framnesveg 29 frá 1957–1959 og við Flókagötu 45 frá 1959–1974. Ljósmyndari: Elías Hannesson (1918–1975).

Gefandi: Ragnar Sigurjónsson 4. september 1989.

Einkennisstafir safns: STL

Tímabil myndefnis: 1955–1974.

Myndefni: Mannamyndir, portrett- og fjölskyldumyndir teknar á ljósmyndastofu og í heimahúsum í Reykjavík og víða um land. Einnig myndir teknar af fólki í samkvæmum og á skemmtistöðum í Reykjavík og víðar.

Umfang og gerð: Um 137.000 myndir, aðallega sv/hv 4x5“ og 6x6 cm filmur en einnig dálítið af 6x6 litfilmum.

Fylgifé: Handskrifaðar skráningarbækur.

➤ **Stúdíó 28**

Sjá: Kristjón Haraldsson.

➤ **Svipmyndir**

Ljósmyndastofa í Reykjavík frá 1977. Stofnendur: Sigurgeir Sigurjónsson og Guðmundur Ingólfsson. Stofan var fyrst til húsa að Hverfisgötu 18 en árið 2001 fluttist stofan að Hverfisgötu 50. Árið 1991 leigðu Fríður Eggertsdóttir, Jóhanna Pétursdóttir og Helgi Bragason reksturinn og frá 1994 leigði Fríður stofuna ein. Frá 2001 var stofan alfarið í eigu Fríðar. Ljósmyndarar, auk fyrrnefndra: Rut Hallgrímsdóttir og Sigríður Bachmann 1983–1987.

Gefandi: Fríður Eggertsdóttir (f. 1948), 5. júní 2014.

Einkennisstafir safns: SVM

Tímabil myndefnis: 1983–2008.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu, einkum fjölskyldu-, stúdents-, skírnar-, brúðkaups- og passamyndatökur. Einnig nokkuð af myndum teknar fyrir auglýsingastofur og fyrirtæki.

Umfang og gerð: Ríflega 5000 númeraðar myndatökur eða um 225.000 myndir, aðallega 6x6 filmur, bæði í sv/hv og lit. Myndefni frá árunum 1977–1983 voru polaroid-myndir sem afhentar voru viðskiptavinum.

Árið 2007 hóf Fríður að mynda stafrænt, til hliðar við hina hefðbundnu filmuljósmyndun, og eftir 2008 myndaði hún nær eingöngu stafrænt. Stafræni hluti myndasafnsins er enn í vörslu Fríðar, unnt er að nálgast þær ljósmyndir með því að hafa samband við Fríði í tölvupósti: [fridur@svipmyndir.is](mailto:fridur@svipmyndir.is)

Fylgifé: Tölvugerð nafnaskrá yfir viðskiptavinum. Nafnaskráin hefur verið færð í leitarbæra mannamyndaskrá Ljósmyndasafns Reykjavíkur.



➤ **Vignir**

Sjá: Sigurhans Vignir.

➤ **Vladimir Sichov (f. 1945)**

Rússneskur ljósmyndari.

Gefandi: Thomas A. Holton, 5. mars 2004.

Einkennisstafir safns: VLS

Tímabil myndefnis: 1983–1984.

Myndefni: Portrettmyndir af um 170 íslenskum listamönnum, um 50–100 myndir af hverjum. Rithöfundar, leikarar, leikstjórar, tónlistarmenn, myndlistarmenn, ljósmyndarar, kvikmyndagerðarfólk o.fl.

Hluti myndanna birtist í bókinni *Iceland Crucible: A Modern Artistic Renaissance* sem kom út árið 1985 með texta eftir Sigurð A. Magnússon.

Umfang og gerð: Um 6000 myndir, þ.e. 5500 35 mm litskyggjur og 460 sv/hv kópjur.

Úrvinnsla: Öllu safninu hefur verið pakkað í sýrufríar umbúðir og það skráð í leitarbæran gagnagrunn Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Sjá úrval mynda úr safni Sichovs á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

➤ **Þórarinn Sigurðsson (1922–1994)**

Ljósmyndari í Reykjavík. Rak ljósmyndastofu að Háteigsvegi 4 frá 1946 til 1950, Austurstræti 9 frá 1950 til um 1953, Laugavegi 3 frá um 1953 til 1955, Bergstaðastræti 12 frá 1955 til 1958 og að Kvisthaga 3 frá 1958 og út árið 1959. Rak einnig ljósmyndastofu við Hafnargötu 17 í Keflavík frá maí 1955. Fór einnig í myndatökufærðir út á land og tók mannamyndir á mörgum þéttbýlisstöðum umhverfis landið. Seldi Þóri H. Óskarssyni stofuna í desember 1959.

Gefandi: Þórir H. Óskarsson, 19. apríl 1983.

Einkennisstafir safns: ÞÓS

Tímabil myndefnis: 1945–1959.

Myndefni: Mannamyndir teknar í heimahúsum og á ljósmyndastofu, fjölskyldu-, fermingar-, brúðkaups-, skírnar- og passamyndatökur. Myndir teknar á skemmtistöðum, þ.e. ýmsar samkomur, árshátíðir, afmæli o.s.frv. Einnig atvinnulífs-, iðnaðar- og auglýsingaljósmyndir teknar fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Þórarinn tók m.a. nokkuð af myndum sem tengjast Samvinnuhreyfingunni og Framsóknarflokki. Þórarinn var einnig ljósmyndari Leikfélags Reykjavíkur frá 1952–1958.

Umfang og gerð: Um 50.000 myndir, aðallega sv/hv 4x5“, 6x6 cm og 6x9 cm filmur.

Úrvinnsla: Safninu hefur að hluta verið pakkað í sýrufríar umbúðir og það skráð.

Sjá úrval mynda úr safni Þórarins á [myndavef](#) Ljósmyndasafns Reykjavíkur.